

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd

Sent í umsagnargátt Alþingis og á netfangið: umsagnir@althingi.is

Reykjavík, 17. október 2025

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um stafrænan viðnámsprótt fjármálamarkaðar (innleiðing DORA). Þingskjal 99 — 99. mál.

Samtök fyrirtækja í fjármálaþjónustu (hér eftir „SFF“ eða „samtökin“) vísa til frumvarps til laga um stafrænan viðnámsprótt fjármálamarkaðar og umsagna sem SFF hafa áður ritað í tengslum við áður framlagðs frumvarp um sama mál. Samtökin sendu umsögn vegna frumvarpsdraga í samráðsgátt í september á síðasta ári og umsögn vegna frumvarps til Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis í apríl á þessu ári.¹²

SFF fagna þeim jákvæðu breytingum sem gerðar hafa verið á frumvarpinu, þar sem að einhverju leyti var horft til athugasemda samtakanna. Telja SFF engu að síður mikilvægt að benda á mikilvæga þætti sem nauðsynlegt er að horfa til og hafa ekki skilað sér inn í frumvarp það sem nú liggur fyrir.

I. Ábendingar varðandi einstakar lagagreinar

5. gr. frumvarpsins

Í umsögn SFF var gerð athugasemd við 5. gr. frumvarpsins þar sem kveðið var á um að hámarksfjárhæð sekta á einstaklinga skyldi nema 65 milljónum króna. Lagt var til að fjárhæðarmörk sekta á einstaklinga verði þau sömu og í tilviki brota gegn lögum um afleiðuviðskipti, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár, nr. 15/2018 (4. mgr. 7. gr.) og lögum um greiðsluþjónustu, nr. 114/2021 (2. mgr. 106. gr.). SFF bentu á að verknaðarlýsingar brota sem varðað gætu sektum samkvæmt DORA reglugerðinni væru fremur óljósar í samanburði við ofangreindar lagagreinar og að rétt væri að lækka hámarksfjárhæð sekta á einstaklinga verulega.³ Í nefndaráliti með breytingatillögu Efnahags- og viðskiptanefndar frá 19. júní sl. (hér eftir „nefndarálitið“ og „nefndin“) kom fram að nefndin tæki undir með ráðuneytinu og teldi mikilvægt að sektir sem lagðar yrðu á einstaklinga væru almennt ekki of háar, en samt þannig að þær hafi tilætluð varnaðaráhrif.

Hvað skýrleika varðar vísaði nefndin jafnframt til umfjöllunar ráðuneytisins um að ákvæði DORA fælu ekki í sér óskýrar verknaðarlýsingar og ítrekaði mikilvægi þess að meðalhófs yrði gætt við

¹ [Umsögn](#) um frumvarp til laga um stafrænan viðnámsprótt fjármálamarkaðar (innleiðing DORA). Þingskjal 293 – 261. mál dags. 22. apríl 2025 (hér eftir einnig „umsögnin“). Umsögn í samráðsgátt er að finna [hér](#).

² Umsögn um drög að frumvarpi til laga um stafrænan viðnámsprótt fjármálamarkaðar, dags. 5. september 2024 (hér eftir einnig „fyrri umsögnin“).

³ Sjá nánari umfjöllun á bls. 2 í umsögninni.

ákvörðunartöku um álagningu stjórnvaldssekta og að einstaklingum og lögaðilum yrði gefið færi á úrbótum innan hæfilegs frests vegna brota gegn lögnum.

SFF eru áfram þeirrar skoðunar að rétt sé að lækka hámarksfjárhæð sekta á einstaklinga og ítreka fyrri athugasemdir um að hámarksfjárhæðin verði lækkuð umtalsvert niður fyrir 65 milljónir króna.

11. gr. frumvarpsins

Í fyrri umsögn var jafnframt gerð athugasemd við 11. gr. frumvarpsins þar sem lagt var til að ráðherra setti reglugerðir og Seðlabanki Íslands setti reglur um nánari framkvæmd DORA reglugerðarinnar (ESB) 2022/2554, varðandi atriði í nánar tilgreindum ákvæðum hennar. SFF bentu á að í umfjöllun greinargerðar um 11. gr. frumvarpsins hefði komið fram að reglugerðum ráðherra og reglum Seðlabankans yrði ætlað að innleiða, skv. a-lið 7. gr. EES-samningsins, framseldar gerðir og aðrar undirgerðir sem framkvæmdastjórn ESB samþykkti með stoð í framangreindum ákvæðum reglugerðarinnar, án þess að slíkt hefði komið fram í orðalagi greinarinnar sjálfar. SFF töldu æskilegt að mat yrði lagt á hvort ástæða væri til endurskoðunar á orðalagi 11. gr. frumvarpsins og vísuðu um það til sambærilegra ákvæða í 117. gr. a og b. í lögum um fjármálafyrirtæki, þar sem fram kæmi að sambærilegar reglugerðir og reglur væru settar til innleiðingar á undirgerðum sem settar væru af framkvæmdastjórn ESB. Í umfjöllun nefndarinnar um 11. gr. frumvarpsins var greint frá skiptingu hlutverka á milli Seðlabankans og ráðuneytisins, án þess að sérstaklega væri vikið að orðalagi 11. gr. frumvarpsins.

SFF ítreka framkomna athugasemd um að mat verði lagt á hvort ástæða sé til endurskoðunar á orðalagi 11. gr. frumvarpsins.

II. Greinargerð og önnur atriði

SFF hafa á fyrri stigum gert töluverðar athugasemdir við umfjöllun í greinargerð. Í umsögn SFF til Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis vísuðu samtökin til þess að ekki hefði verið tekið tillit til mikilvægra athugasemda samtakanna er lutu t.a.m. að skýrleika og túlkun sem skiptir sköpum þegar um nýja og flókna löggjöf er að ræða. Samtökin lögðu til að breytingar yrðu útfærðar nánar og ítrekuðu framkomnar athugasemdir sem ekki hafði verið tekið mið af.⁴

Í frumvarpinu er látið í veðri vaka að DORA feli í sér einföldun regluverks, áfram má um það deila, enda um nýtt umfangsmikið regluverk sem setur ríkar kröfur og skyldur á þá fjölmörgu aðila sem falla munu undir kröfur löggjafarinnar.

Innleiðing DORA í landsrétt mun jafnframt hafa talsverðan kostnað í för með sér. Innleiðingin mun fjölga verkefnum Seðlabankans með tilheyrandi viðbótarkostnaði fyrir stjórnvöld. Þeim kostnaði verður mætt með hækkun eftirlitsgjalds, sem er greitt af sömu aðilum og lúta eftirlitinu og munu þá ekki eingöngu verða fyrir kostnaði vegna DORA heldur jafnframt koma til með að

⁴ Sjá nánari umfjöllun um greinargerðina á bls. 3-5 í umsögninni.

bera straum af þeim viðbótarkostnaði við fjármálaeftirlit sem innleiðing DORA kallar á.

Að öðru leyti ítreka samtökin framkomnar röksemdir í umsögn til Efnahags- og viðskiptanefndar frá 22. apríl sl. varðandi þau atriði frumvarpsins sem enn standa óbreytt eða þarfnast nánari útfærslu.

Að lokum benda SFF á mikilvægi þess þegar ný löggjöf tekur gildi að henni sé fylgt úr hlaði með skýrum leiðbeiningum og fræðslu. Þegar bæði markaðurinn og eftirlitsaðilar eru að læra að fóta sig í nýju umhverfi þarf að veita svigrúm, stuðning og leiðsögn. Það er því brýnt að stjórnvöld og eftirlitsaðilar styðji markaðinn með upplýsingum og samstarfi, svo tryggt sé að markmið laganna náist með raunhæfum og sanngjörnum hætti. Þeir aðilar sem falla undir löggjöfina eru jafnframt ólíkir hvað varðar flækjustig og stærð, mikilvægt er að horft sé til þess og hlutfallsreglu beitt m.a. í eftirliti og stuðningi.

Samtökin eru tilbúin að gera nánar grein fyrir umsögn sinni verði eftir því óskað.

Virðingarfyllst,
f. h. Samtaka fyrirtækja í fjármálaþjónustu,



Íris Björk Hreinsdóttir, yfirlögfræðingur